



GRUNNSKÓLI VESTMANNAEYJA

1.- 4. bekkur er í Hamarsskóla
ásamt Víkinni 5. ára deild og
Frístundaveri
5.-10. bekkur er í Barnaskóla

Skólahúsin opna kl. 7:45 og
skrifstofur eru opnar frá
7:45-15:00 alla daga



AÐ SÆKJA UM SKÓLAVIST

Helstu upplýsingar um að byrja í skóla
ásamt umsókn um skólavist má finna
á heimasíðu skólans:
Smellið [HÉR](#)

HAFÐU SAMBAND



Hs: 4882200 - Bs: 4882300



Hamarsskóli við Hamarsveg og
Barnaskóli við Skólaveg



Netfang: grv@grv.is

UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU

Allar helstu upplýsingar má
finna á heimasíðu skólans

www.grv.is



“

*Einkunnarorð skólans:
Gleði - öRyggi - Vinátta*



STARFSFÓLK

Skólastjóri: Anna Rós Hallgrímsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar: Magnús Stefánsson í Hamarsskóla og Einar Gunnarsson í Barnaskóla.

Deildarstjórar: Rósa Hrönn Ögmundsdóttir yngsta stig, Svanhvít Friðþjófsdóttir miðstig og Ásdís Tómasdóttir unglingastig.

Ráðgjafi: Fríða Hrönn Halldórsdóttir

Skólasálfræðingur: Ragnheiður Sæmundsdóttir.

Skólahjúkrunarfræðingar: Vera Björk Einarsdóttir og Guðrún María Bjarkadóttir.

Rítarar: Sigurlína Sigurjónsdóttir Bs og Heiðrún Jóhannsdóttir Hs.

Húsverðir: Kristján Egilsson Bs og Guðrún Á. Möller Hs.



HUGMYNDAFRÆÐI SEM SKÓLINN VINNUR EFTIR

Kveikjum neistann
Uppeldi til ábyrgðar
Orð af orði
Heilsuefandi grunnskóli
Náttúruskóli



STEFNUR SEM GRV VINNUR EFTIR

Læsisstefna GRV:

Í GRV er yndislestur á hverjum degi í 15-20 mínútur. Lestur skipti miklu máli. Hver nemandi ætti einnig að stunda yndislestur á sínu heimili í 10 - 30 mínútur daglega.

Spjaldtölvuinnleiðing er í gangi í skólanum og allir nemendur hafa sitt tæki, ípad í 1. -7. bekk og Chromebook í 8. -10. bekk. Smellið [HÉR](#) til að lesa meira.

Kveikjum neistann

Er stórt þróunarverkefni sem hófst haustið 2021. Smellið [HÉR](#) til að lesa meira.



ÍPRÓTTIR OG SUND

Nemendur stunda íþróttir (sund og leikfimi) í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja. Nemendur fara í sturtu eftir íþróttatíma.

Ávallt er starfsmaður sem gengur með 1. bekk á milli skóla og Íþróttahúss. Íþróttatímar í 1. bekk eru tveir og sundtími einn.

FJARVISTIR OG LEYFI

Fjarvistir nemenda ráða miklu um hvort góður árangur næst í námi. Lög kveða skýrt á um að forráðamenn sjái um að nemendur sæki skóla dag hvern. [HÉR](#) má finna reglur um fjarvistir og leyfi.

FORELDRAFÉLAG

Starfrækt er foreldrafélag við Grunnskóla Vestmannaeyja sem hefur aukið þátttöku sína í skólastarfinu undanfarin ár. Markmið félagsins eru þessi:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.



MENTOR

Mentor (mentor.is) er vefkerfi sem gerir foreldrum kleift að nálgast upplýsingar frá grunnskóla. Þessar upplýsingar eru skráðar í upplýsingakerfi sem er notað í flestum grunnskólum landsins. Lykilorð verða afhend við skólabyrjun, en hægt er að nálgast þau hjá riturum skólans (heidrun@grv.is, sigurlina@grv.is).

